

Umsögn Orkubús Vestfjarða ohf.

um drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku

Orkubú Vestfjarða ohf. (OV) fagnar framkomnum drögum að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Félagið telur mikilvægt að í tillögunni sé flutningskerfi raforku skilgreint sem einn af grunninnviðum samfélagsins og að uppbygging þess sé tengd atvinnuþróun, byggðaðróun, orkuskiptum og áfallapoli samfélaga. Ekki er hægt annað en að túlka þingsályktunartillöguna sem leiðarljós fyrir stefnu flutningsfyrirtækis raforku á Íslandi, Landsnets, sem birtist í kerfisáætlunum félagsins, enda er fyrirtækið með sérleyfi í flutningi raforku á Íslandi. Eðlilegt er því að inn í umsögnina blandist tilvitnanir í einstaka þætti kerfisáætlana Landsnets á undanförunum árum.

OV fagnar jafnframt þeirri skýru áherslu sem lögð er á Vestfirði sem forgangssvæði við uppbyggingu raforkukerfis landsins. Sú áhersla þarf þó að birtast með skýrum hætti í framkvæmd stefnunnar, í forgangsröðun verkefna og í mati á þeim samfélagslegu hagsmunum sem tengjast afhendingaröryggi og afhendingargetu raforku á Vestfjörðum.

OV telur að staða raforkumála á Vestfjörðum sé áfram eitt mikilvægasta byggðamál landshlutans. Takmörkuð afhendingargeta og veikara afhendingaröryggi hafa bein áhrif á atvinnuþróun, orkuskipti, fjárfestingar og möguleika samfélaga til framtíðaruppbyggingar. Því eru samfélagslegir hagsmunir sem tengjast styrkingu raforkukerfisins á Vestfjörðum verulegir og eiga að hafa ríkt vægi við framkvæmd stefnunnar.

Helstu áherslur umsagnarinnar

- **Forgangur Vestfjarða – frestun markmiða**
Forgangur Vestfjarða var sérstaklega tilgreindur í þingsályktun 26/148 (júní 2018) og Vestfirðir eru áfram í forgangi samkvæmt í nýjum drögum. Í nýjum drögum er hins vegar markmiðum, sem skipta Vestfirðinga gríðarlega miklu máli, frestað um 5 ár. Þar er um að ræða markmið um að rof á stakri einingu í megin flutningskerfinu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Þar sem markmiði um tvítengingu í svæðisbundnum kerfum er frestað til ársins 2045 er ljóst að 70% Vestfirðinga þ.e. íbúar á norðanverðum Vestfjörðum gætu þurft að bíða í 20 ár eftir að ná því markmiði að orkuflutningur til þeirra njóti tvítengingar, ef þessi stefna verður höfð að því leiðarljósi sem lagt er til.

- **Sambætting flutningskerfis, dreifikerfis og staðbundinnar orkuvinnslu**
getur skipt sköpum í hraðari uppbyggingu raforkukerfisins með afhendingaröryggi og minna kolefnisspor að leiðarljósi. Í umsögninni verður komið frekar inn á skýrt raunverulegt dæmi um jákvæð áhrif uppbyggingar á staðbundinni orkuvinnslu.
- **Brýnir samfélagslegir hagsmunir**
OV telur að raforkuöryggi á Vestfjörðum sé ekki aðeins tæknilegt úrlausnarefni heldur samfélagslegt forgangsmál.
- **Óvissa um lausnir**
Mikilvægt er að hafa í huga reynslu undanfarinna ára og fyrirliggjandi óvissu um framgang einstakra orkukosta. Því þarf að þróa aðra raunhæfa valkosti samhliða til að tryggja að markmið um fullnægjandi raforkuöryggi muni nást.
- **Tillögur OV**
Gerðar eru breytingartillögur að orðalagi þingsályktunar.
- **Niðurstaða**
OV leggur áherslu á að framkvæmd stefnunnar taki fullt mið af þeim ríku samfélagslegu hagsmunum sem tengjast raforkuöryggi Vestfjarða og að fleiri lausnir fái að þróast samhliða þar til markmiðum um fullnægjandi afhendingaröryggi, afhendingargetu og áfallapol hefur verið náð.
Með hliðsjón af þeim gríðarlega kostnaði sem OV og viðskiptavinir þess hafa orðið fyrir, ekki síst á undanförunum árum, vegna orkuskortis og ófullnægjandi afhendingaröryggis flutningskerfisins, ætti að vera fullkomlega ljóst að allt að 20 ára biðtími eftir ásættanlegu afhendingaröryggi er allt of langur og kallar nýja nálgun.

1. Forgangur Vestfjarða frestun markmiða

OV styður eindregið þá stefnumörkun að Vestfirðir séu áfram skilgreindir sem sérstakt forgangssvæði við uppbyggingu flutningskerfisins. Félagið telur hins vegar mikilvægt að sú forgangsörðun verði útfærð með skýrum og mælanlegum hætti. Það er ekki nægilegt að Vestfirðir séu nefndir sem forgangssvæði ef framkvæmd stefnunnar leiðir til þess að úrbætur á svæðinu dragast sífellt aftur og aftur í tíma.

Í drögunum er lagt til að tímamörk um afhendingaröryggi og tvítengingu afhendingarstaða verði færð aftur um fimm ár frá því sem núgildandi stefna gerði ráð fyrir. Jafnframt kemur fram að rýmri tímarammi eigi meðal annars að skapa aukið svigrúm fyrir fjárfestingar í forgangsverkefnum í flutningskerfinu, samtengingu landshluta og styrkingu á Vestfjörðum og Norðausturlandi.

OV telur mikilvægt að þessi breyting leiði ekki til þess að íbúar og atvinnulíf á Vestfjörðum þurfi í reynd að bíða fimm árum lengur eftir þeim úrbótum sem fyrri stefna gerði ráð fyrir. Slík niðurstaða samræmist hvorki þeirri forgangsörðun sem stjórnvöld hafa áður markað né þeirri sérstöðu sem Vestfirðir búa við hvað varðar afhendingargetu, afhendingaröryggi og áfallapol raforkukerfisins.

OV vekur athygli á því að í Kerfisáætlun Landsnets 2023-2033 var ný tenging milli Mjólkár og Breiðadals skilgreind sem loka hnykkur í tvítengingu afhendingarstaða á Vestfjörðum og tímasett á árunum 2026-2028. Nú er lagt til að markmið um sambærilegt afhendingaröryggi í landshlutakerfinu verði ekki orðið

að veruleika fyrr en árið 2045, eftir 20 ár. Að mati OV er nauðsynlegt að skýrt verði hvernig þessi breyting samræmist þeirri yfirlýstu forgangsörðun sem Vestfjörðum hefur verið veitt. Ella er hætt á að framkvæmdir sem áður voru taldar nauðsynlegar fyrir lok þessa áratugar verði í reynd háðar mun lengri tímafrestum en áður var gert ráð fyrir. Ef þetta yrði niðurstaðan gætu 70% Vestfirðinga sem búa á norðanverðum Vestfjörðum þurft að bíða eftir slíkri tengingu í 20 ár.

Ef Vestfirðir eiga áfram að teljast forgangssvæði verður sú forgangsörðun að birtast í tímasetningu framkvæmda. Að mati OV er ekki nægilegt að Vestfirðir séu nefndir í forgangi í stefnumörkun ef sama stefna hefur í för með sér að markmið sem áður áttu að nást mun fyrr færast almennt aftur án sérstakra ákvæða sem tryggja að framkvæmdum á Vestfjörðum verði ekki frestað með sama hætti.

OV leggur því til að bætt verði við skýringu eða sérstöku ákvæði þess efnis að frestun almennra tímamarkmiða um tvítengingu og afhendingaröryggi leiði ekki sjálfkrafa til frestunar verkefna á Vestfjörðum. Samhliða verði tryggt að verkefni sem hafa afgerandi þýðingu fyrir afhendingaröryggi og afhendingargetu Vestfjarða njóti forgangs við framkvæmd stefnunnar.

Sérstaklega þarf að horfa til verkefna sem styrkja samtengingu sunnan- og norðanverðra Vestfjarða og bæta rekstraröryggi landshlutans sem heildar. Í því samhengi telur OV mikilvægt að skoðað verði sérstaklega hvort styrking flutningsleiðar milli Mjólkár og Breiðadals með tvöföldun BD1 línu Landsnets, eigi að njóta forgangs við framkvæmd markmiðanna í ljósi áhrifa hennar á afhendingaröryggi, afhendingargetu og áfallapol Vestfjarða.

2. Samþætting flutningskerfis, dreifikerfis og staðbundinnar orkuvinnslu

OV styður eindregið eftirfarandi áherslu sem fram kemur í greinargerð með stefnudrögunum og telur reyndar að slík samþætting gæti reynst lykilatriði í skjótum árangri í bættu afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum:

“Samræmd uppbygging flutningskerfis og tenging virkjana, t.d. á Vestfjörðum getur tryggt flutningsfyrirtækinu forsendur til að ná lögbundnum markmiðum sínum með minni tilkostnaði fyrir kerfið í heild en ef flutningskerfið eitt er nýtt til að tryggja viðunandi ástand.”

Á Vestfjörðum verður ekki litið svo á að uppbygging flutningskerfis og uppbygging nýrrar raforkuvinnslu séu aðskilin verkefni. Í mörgum tilvikum getur ný orkuvinnsla styrkt afhendingaröryggi, aukið áfallapol og bætt rekstraröryggi raforkukerfisins samhliða því að auka raforkuframleiðslu. Samfélagslegur ávinningur slíkra verkefna getur því verið meiri en felst í raforkuframleiðslunni einni sér.

Kvísatunguvirkjun, dæmi um raforkuvinnslu í héraði sem styrkir afhendingaröryggi

Kvísatunguvirkjun í Selárdal, inn af Steingrímsfirði, er dæmi um þessa nálgun hvað varðar afhendingaröryggi. Með tengingu hennar við núverandi kerfi skapast möguleiki á að styrkja afhendingaröryggi verulega, í Strandabyggð, á Ströndum og innanverðu Ísafjarðardjúpi, samhliða aukinni raforkuframleiðslu. Verkefnið hefur því þýðingu bæði sem orkuöflunarkostur og sem þáttur í uppbyggingu öruggara raforkukerfis, enda getur virkjunin hæglega annað aflþörf svæðisins auk þess sem miðlunargeta er góð. Virkjunin hefur þegar fengið virkjunarleyfi og er áformað að hún komist í rekstur innan tveggja ára. Virkjunin tengist beint við dreifikerfi OV og er tengingin greidd af verkefninu. Enginn kostnaður fellur á flutningsaðilann, Landsnet. Um leið og virkjunin tryggir tvítengingu á Hólmavík þá dregur hún úr notkun dísilknúins varaafis á svæðinu um 90%, enda getur virkjunin haldið uppi raforkukerfi svæðisins svo vikum skiptir án þess að orka komi inn á svæðið frá megin flutningskerfinu.

OV bendir jafnframt á að sambærileg tækifæri eru til staðar víðar, sem mundu hafa sömu áhrif fyrir byggðarlögin á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum þar sem fyrir hendi eru orkukostir í nálægð við flutnings- og dreifikerfi og þéttbýli. Slíkir kostir geta haft verulegt gildi fyrir afhendingaröryggi og áfallapol viðkomandi byggðarlaga, auk þess að auka orkuframleiðslu og afhendingargetu. OV hefur gert

samanburð á tveimur slíkum kostum sem lesa má um í greiningu sem KPMG gerði fyrir OV,
„Samanburðargreining á virkjunarkostum OV“

<https://www.ov.is/orkubuid/starfssemi/frettir/nanar/9238/samanburdargreining-a-virkjunarkostum-ov>

Þar kemur fram að hægt er að bæta raforkuöryggið á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum um 90% með lágmarkskostnaði fyrir flutningsaðilann Landsnet.

3. Brýnir samfélagslegir hagsmunir

OV telur að raforkuöryggi á Vestfjörðum sé ekki aðeins tæknilegt úrlausnarefni heldur samfélagslegt forgangsmál. Takmarkanir í afhendingargetu og veikara afhendingaröryggi hafa áhrif á búsetuskilyrði, atvinnulíf, orkuskipti, nýsköpun, rekstur mikilvægra innviða og möguleika landshlutans til að taka þátt í verðmætasköpun til framtíðar, enda segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni:

„Staða raforkumála er hins vegar enn óviðunandi á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Stjórnvöld telja það forgangsmál að bæta þar úr og stuðla þannig að því að þau tækifæri sem sannarlega eru til staðar í þeim landshlutum um uppbyggingu innviða og jákvæðrar samfélagsþróunar geti raungerst.“

Þegar samfélagslegir hagsmunir eru metnir þarf að horfa til mögulegs fórnarkostnaðar þess að framkvæma ekki. Frestun nauðsynlegra úrbóta getur leitt til tapaðra fjárfestingartækifæra, áframhaldandi notkunar varaafis og jarðefnaeldsneytis, skertrar samkeppnishæfni atvinnulífs og lakari skilyrða fyrir orkuskipti. Þessi áhrif geta verið sérstaklega þungbær á svæðum þar sem kerfið er veikt.

OV telur því að forgangur Vestfjarða þurfi að verða leiðandi við framkvæmd stefnunnar. Það eigi bæði við um flutningsframkvæmdir, styrkingu tenginga milli landshluta og mat á staðbundnum orkukostum sem geta skilað auknu afhendingaröryggi og áfallaþoli með sem hagkvæmustum hætti.

4. Óvissa um lausnir

OV telur mikilvægt að framkvæmd stefnunnar leiði ekki til þess að horft sé á að einn orkukostur útiloki annan. Reynslan sýnir að veruleg óvissa getur ríkt um framgang einstakra verkefna um langt árabil. Miklir samfélagslegir hagsmunir Vestfjarða kalla því á að fleiri raunhæfir valkostir séu þróaðir samhliða, bæði á sviði flutningsinnviða og orkuvinnslu, þar til markmiðum um fullnægjandi afhendingaröryggi og afhendingargetu hefur verið náð.

Að mati OV felur forgangur Vestfjarða ekki aðeins í sér að hraða uppbyggingu flutningskerfisins. Hann felur einnig í sér að viðhalda raunhæfum möguleikum til frekari uppbyggingar staðbundinnar orkuvinnslu þar sem hún getur stutt við markmið um afhendingaröryggi, áfallaþol, orkuskipti og byggðaþróun. Annars er hætta á að þau tækifæri sem felast í samþættri nálgun raforkukerfisins nýtist ekki til fulls.

5. Tillögur OV

OV leggur til að eftirfarandi sjónarmið verði tekin inn í endanlega stefnu eða skýringar við hana:

- Að sérstaklega verði tekið fram að frestun almennra tímamarkmiða um tvítengingu og afhendingaröryggi leiði ekki til sjálfkrafa frestunar forgangsverkefna á Vestfjörðum eða eigi ekki við um umrædd forgangssvæði.
- Að verkefni sem geti haft afgerandi áhrif á afhendingaröryggi, afhendingargetu og áfallaþol Vestfjarða verði skilgreind sérstaklega í framkvæmd stefnunnar.

- Að við mat á lausnum fyrir Vestfirði verði horft heildstætt til flutningskerfis, dreifikerfis og staðbundinnar raforkuvinnslu, áður en horfið er til lausna sem krefjast aukins varaafis og eru dýrar og ósjálfbærar.
- Að staðbundnir og hagkvæmir orkukostir sem eru nálægt flutnings- eða dreifikerfi og geta með stuttum tengingum styrkt afhendingaröryggi þéttbýlis og mikilvægra afhendingarstaða, verði metnir sem raunhæfur hluti af uppbyggingu raforkukerfisins.

OV gerir eftirfarandi tillögu að orðalagi:

Við mat á uppbyggingu flutningskerfisins á svæðum þar sem afhendingaröryggi og afhendingargeta eru ófullnægjandi, sérstaklega á Vestfjörðum, skal líta til brýnna samfélagslegra hagsmuna af bættri raforkuafhendingu. Almenn frestun tímamarkmiða um tvítengingu og afhendingaröryggi skal ekki leiða til sjálfkrafa frestunar þeirra verkefna sem hafa afgerandi þýðingu fyrir afhendingaröryggi, afhendingargetu og áfallapol Vestfjarða. Við mat á lausnum skal skoða sérstaklega samspil flutningskerfis, dreifikerfis og staðbundinnar raforkuvinnslu með það að markmiði að auka afhendingaröryggi um leið og dregið verði úr þörf á olíuknúnu varaafli. Þar sem fleiri raunhæfir kostir eru til staðar skulu þeir skoðaðir og þróaðir samhliða þar til markmiðum um fullnægjandi raforkuöryggi hefur verið náð.

6. Niðurstaða

OV styður meginmarkmið tillögunnar og fagnar því að Vestfirðir séu áfram skilgreindir sem forgangssvæði í uppbyggingu flutningskerfis raforku. Félagið telur hins vegar mikilvægt að sú forgangsöröðun birtist með skýrum hætti í framkvæmd stefnunnar. Ekki má verða svo að breyting á tímamarkmiðum leiði til þess að Vestfirðir bíði enn lengur eftir þeim úrbótum sem fyrri stefna gerði ráð fyrir.

Jafnframt telur OV að ný stefna stjórnvalda skapi mikilvægt tækifæri til að horfa á flutningskerfi og orkuvinnslu sem samverkandi þætti. Fyrir Vestfirði getur slík samþætting skilað meiri samfélagslegum ávinningi en hefðbundin nálgun þar sem hvorki flutningsframkvæmdir né einstakir orkukostir eru einir og sér líklegir til að leysa þær áskoranir sem landshlutinn stendur frammi fyrir.

OV leggur því áherslu á að framkvæmd stefnunnar taki fullt mið af þeim ríku samfélagslegu hagsmunum sem tengjast raforkuöryggi Vestfjarða og að fleiri lausnir fái að þróast samhliða þar til markmiðum um fullnægjandi afhendingaröryggi, afhendingargetu og áfallapol hefur verið náð.

Með hliðsjón af þeim gríðarlega kostnaði sem OV og viðskiptavinir þess hafa orðið fyrir, ekki síst á undanförunum árum vegna orkuskorts og ófullnægjandi afhendingaröryggis flutningskerfisins, ætti að vera fullkomlega ljóst að allt að 20 ára biðtími eftir ásættanlegu afhendingaröryggi er allt of langur og kallar nýja nálgun.

Ísafirði 21. ágúst 2026,

F.h. Orkubús Vestfjarða ohf,
Elías Jónatansson, orkubússtjóri

Elías Jónatansson